

Þjóðaratkvæðagreiðsla 20. október 2012

Referendum 20 October 2012

Samantekt

Ráðgefandi þjóðaratkvæðagreiðsla fór fram 20. október 2012. Við kosningarnar voru alls 236.850 á kjörskrá, 73,9% landsmanna. Af þeim greiddu 115.890 atkvæði, 48,9% kjósenda. Kosningabátttaka karla var hærri en kvenna, 49,9% á móti 47,9% hjá konum.

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni voru greidd atkvæði um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna og tiltekin álitafni þeim tengd. Hafði Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu þar að lútandi 24. maí 2012 þar sem jafnframt var kveðið á um þær sex spurningar sem bornar voru upp í atkvæðagreiðslunni. Gild atkvæði voru 114.570, auðir seðlar 661 og aðrir ógildir seðlar 659.

Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru mismunandi eftir spurningum en hverri spurningu var svarað jákvætt með meirihluta gildra atkvæða á landinu í heild. Alls töldu 73.509 kjósendur að leggja ætti tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá. Sú spurning sem flestir svöruðu með jái var spurning um náttúruauðlindir í þjóðareign eða 84.760 en sú sem fæstir svöruðu með jái var spurning um að setja ákvæði um þjóðkirkjuna í stjórnarskrá eða 58.455.

Inngangur

Í þessu riti er fjallað um nokkur atriði sem lúta að framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslunnar, meðal annars nýmæli varðandi aðstoð fatlaðra kjósenda við kosningu og hve margir nýttu sér hina nýju lagaheimild við atkvæðagreiðsluna. Gerð er grein fyrir tölum um kjósendur og greidd atkvæði á kjörfundi og utan kjörfundar. Þá er fjallað um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar, gild og ógild atkvæði svo og sjálf úrslitin.

Gild atkvæði liggja til grundvallar niðurstöðum varðandi svör við spurningunum sex sem bornar voru upp. Svarmöguleikar við hverri spurningu voru já eða nei en jafnframt var hægt að sleppa því að svara spurningu. Í nokkrum tilvikum var svarið gert ógilt. Fjallað er um niðurstöðurnar fyrir landið í heild og eftir kjördæmum.

Í töflu eitt er yfirlit um helstu tölur sem varðar kjósendur og greidd atkvæði en í mynd eitt er sýnd hlutfallsleg skipting gildra atkvæða fyrir landið í heild fyrir hverja spurningu. Til að einfalda framsetningu efnis er þar og víðar stuðst við meginatriði spurninganna en í töflum 8 og 13 eru niðurstöður birtar með spurningunum í heild.




Tafla 1. Kjósendur og greidd atkvæði 20. október 2012

Table 1. Voters and votes cast 20 October 2012

	Alls Total	Karlar Males	Konur Females
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	236.850	118.068	118.782
Hlutfall af íbúatölu <i>Percentage of population</i>	73,9	73,4	74,3
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	115.890	58.935	56.955
Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>	48,9	49,9	47,9
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	114.570	.	.
Ógild atkvæði <i>Blank and void ballots</i>	1.320	.	.
Auð atkvæði <i>Blank ballots</i>	661	.	.
Önnur ógild atkvæði <i>Void ballots</i>	659	.	.

Mynd 1. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar 20. október 2012. Gild atkvæði

Figure 1. Outcome of the referendum 20 October 2012. Valid votes



Framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslu

Pingsályktun 24. maí 2012

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 voru greidd atkvæði um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaganna (að nýrri stjórnarskrá) og tiltekin álitæfni þeim tengd. Hafði Alþingi samþykkt þingsályktunartillögu þar að lútandi 24. maí 2012 með vísan til 1. mgr. 1. gr. laga nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Í tillögu Alþingis var jafnframt kveðið á um þær sex spurningar sem bornar voru upp í atkvæðagreiðslunni (sjá bls. 11).

Lög um þjóðaratkvæðagreiðslu

Í lögum nr. 91/2010 (breytt með lögum nr. 162/2010 og lögum nr. 23/2011) er kveðið á um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna. Samkvæmt þeim er um kosningarétt og kjörskrár til afnota í þjóðaratkvæðagreiðslunni farið á sama hátt og í alþingiskosningum. Kjörskrár skulu þó miðaðar við íbúaskrá þjóðskrár þremur vikum fyrir kjördag. Mörk kjördæma skulu vera þau sömu og í næstliðnum alþingiskosningum. Landskjörstjórn ákvað að við kjörið skuli fylgt auglýsingu nr. 346/2009, sem fjallar um mörk kjördæmanna tveggja í Reykjavík við alþingiskosningarnar 25. apríl 2009. Í áðurnefndum lögum er kveðið á um ýmsa aðra þætti

við undirbúning og framkvæmd atkvæðagreiðslunnar sjálfar svo og talningu atkvæða.

*Breyting á kosningalögum —
aðstoð við kosningu*

Hinn 18. október 2012 tóku gildi lög nr. 111/2012 um breytingar á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu). Með breytingunum verður kjósanda sem sakir sjónleysis eða þess að honum er hönd ónothæf heimilt við atkvæðagreiðsluna að fá aðstoð fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur í stað kjörstjóra eða kjörstjórnarmanns eins og verið hefur og er áfram heimilt. Þá nær lagabreytingin einnig til sömu kjósenda sem geta ekki sjálfir með skýrum hætti tjáð kjörstjóra eða kjörstjórn þennan vilja sinn og skulu þá kjörstjóri eða kjörstjórn heimila fulltrúa kjósendans að aðstoða hann við atkvæðagreiðsluna leggi kjósendinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósendi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna. Því hafa fatlaðir kjósendur, sem lögin taka til, nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi.

Kjörseðill Á kjörseðli voru gefnir tveir möguleikar á svári við hverri spurningu, já eða nei en jafnframt var þess getið á kjörseðli að kjósendi gæti sleppt því að svara einstökum spurningum.

Skýrslugerð Löng hefð er fyrir því að Hagstofa Íslands taki saman skýrslur um almennar kosningar á Íslandi og í 116. grein laga um kosningar til Alþingis nr. 24 frá árinu 2000 segir: „Kjörstjórnir skulu senda Hagstofu Íslands skýrslu um kosninguna ritaða á eyðublöð sem Hagstofan lætur í té.“ Í 12. gr. laga nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna er m.a. vísað til ofangreinds ákvæðis, þ.e. 116. gr. kosningalaga.

Í aðdraganda þjóðaratkvæðagreiðslunnar lét Hagstofa Íslands kjörstjórnnum og yfirkjörstjórnnum í té eyðublöð til útfyllingar vegna skýrslugerðar um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar. Leitað var eftir upplýsingum um fjölda kjörstaða og kjördeilda, fjölda kjósenda eftir kyni, fjölda greiddra atkvæða á kjörfundi, fjölda greiddra utankjörfundaratkvæða og loks heildarfjölda atkvæða. Að lokinni atkvæðagreiðslu sendu kjörstjórnir yfirkjörstjórnnum niðurstöður sínar og tóku yfirkjörstjórnir síðan saman yfirlit sem Hagstofa Íslands fékk til sinnar skýrslugerðar. Í skýrslugerðinni er einnig stuðst við gögn frá landskjörstjórn um úrslit atkvæðagreiðslunnar eftir kjördæmum svo og upplýsingar af kosningavef innanríkisráðuneytisins.

*Upplýsinga aflað um
aðstoð við kosningu*

Í nefndaráliti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis með breytingartillögu um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoð við kosningu) sem getið er hér frammar, kemur fram að nefndin telji „nauðsynlegt að Hagstofa Íslands kalli eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um fjölda þeirra sem nýta sér þessi ákvæði ásamt þeim sem nýta það ákvæði sem fyrir er í lögum, þ.e. um aðstoð kjörstjóra og kjörstjórnarmanns á kjörfundi, auk hefðbundinnar tölfræði“. Í ljósi þessa sendi Hagstofa beiðni um svör við tilteknum spurningum til yfirkjörstjórna kjördæma varðandi aðstoð við kosningu á kjördag og til sýslumanna varðandi aðstoð við kosningu utan kjörfundar. Er gerð nánari grein fyrir spurningunum og niðurstöðum um aðstoð við kosningu á bls. 8 í skýrslunni.

Fjöldi á kjörskrá

Hverjir mega kjósa?

Samkvæmt kosningalögum á hver íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi kosningarrétt við kosningar til Alþingis. Íslenskur ríkisborgari 18 ára og eldri með lögheimili hér á landi á jafnframt kosningarrétt í átta ár eftir að hann flytur lögheimili sitt af landinu, talið frá 1. desember fyrir kjördag. Slíkur ríkisborgari á einnig kosningarrétt eftir þann tíma, enda hafi hann sótt um það samkvæmt nánari reglum kosningalaga. Þessi sömu ákvæði áttu einnig við um þjóðar- atkvæðagreiðsluna.

Kjörskrárstofn

Þjóðskrá Íslands lætur sveitarstjórnnum í té stofn að kjörskrá, svonefndan kjörskrárstofn, sem þær gera svo úr garði að úr verður gild kjörskrá. Kjörskrá skal sveitarstjórn leggja fram almenningi til sýnis eigi síðar en 10 dögum fyrir kjördag og ber sveitarstjórn að leiðrétta kjörskrá, ef við á, fram á kjördag. Að þessu sinni skyldi kjörskrá miðast við skráð lögheimili í viðkomandi sveitarfélagi hinn 29. september 2012. Skyldu kjörskrár lagðar fram hjá sveitarstjórnnum eigi síðar en 10. október það ár. Með endanlegri kjörskrá hefur verið tekið tillit til fjölda látinna og þeirra sem fengið hafa nýtt ríkisfang eftir að kjörskrárstofn var unninn, svo og annarra leiðréttinga sem gerðar hafa verið á kjörskrárstofninum.

Kjörskrá við þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október 2012 vék lítillega frá upphaflegum kjörskrárstofni. Á kjörskrárstofni sem Þjóðskrá Íslands birti voru skráðir alls 236.944 kjósendur, eða 94 fleiri en á endanlegri kjörskrá að lokinni atkvæðagreiðslu samkvæmt skýrslum kjörstjórna.

Í tilkynningu landskjörstjórnar frá 30. október 2012 er tala kjósenda 236.911 en hér í ritinu 236.850. Tölur Hagstofu byggja á skýrslum yfirkjörstjórna til Hagstofu um kjósendur og greidd atkvæði eftir kjördæmum og sveitarfélögum.

Tafla 2. Kjósendur á kjörskrá og kjörskrárstofni 20. október 2012

Table 2. Voters on the electoral roll and on the preliminary electoral roll 20 October 2012

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur kjörd.	Suður- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- víkur- kjörd. suður	Reykja- víkur- kjörd. norður
Kjósendur á kjörskrá alls							
<i>Voters on the electoral roll, total</i>	236.850	21.401	29.010	33.532	62.557	45.061	45.289
Karlar <i>Males</i>	118.068	11.012	14.711	17.220	30.737	21.999	22.389
Konur <i>Females</i>	118.782	10.389	14.299	16.312	31.820	23.062	22.900
Kjósendur á kjörskrárstofni alls							
<i>Voters on preliminary electoral roll</i>	236.944	21.409	29.028	33.551	62.576	45.073	45.307
Karlar <i>Males</i>	118.111	11.015	14.722	17.229	30.745	22.006	22.394
Konur <i>Females</i>	118.833	10.394	14.306	16.322	31.831	23.067	22.913
Kjósendur með lögheimili erlendis <i>Domicile abroad</i>	12.964	785	1.127	1.587	3.578	2.886	3.001
Kjósendur með lögheimili erlendis, % <i>Domicile abroad, %</i>	5,5	3,7	3,9	4,7	5,7	6,4	6,6

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 7.

Kjósendur á kjörskrá 236.850

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna voru 236.850 manns á kjörskrá, eða 73,9% allra landsmanna. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2011 var þetta hlutfall 72,9%. Á kjörskrárstofni árið 2012 voru 12.964 með lögheimili erlendis, eða 5,5% allra sem höfðu kosningarrétt (tafla 2). Var sambærilegt hlutfall 5,0% í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2011 og 4,4% við alþingiskosningarnar 2009.


Kosningabátttaka

Kosningabátttaka 48,9%

Við þjóðaratkvæðagreiðsluna 2012 greiddu atkvæði alls 115.890 kjósendur, eða 48,9% allra kosningabærra manna. Er þetta minni þátttaka en í þjóðaratkvæðagreiðslunum 2011 (75,3%) og 2010 (62,7%). Þátttaka karla í atkvæðagreiðslunni nú var 49,9% og kvenna 47,9%. Í þjóðaratkvæðagreiðslunum 2011 og 2010 var þátttaka kynja nánast sú sama. Til samanburðar þá hefur kosningabátttaka kvenna verið heldur meiri en karla í þingkosningum frá árinu 1995.

Mynd 2. Kosningabátttaka eftir tegund kosninga

Figure 2. Participation in elections by type



Kosningabátttaka mismunandi eftir kjördæmum

Kosningabátttaka var mismunandi eftir kjördæmum, mest 51,4% í Suðvesturkjördæmi og Reykjavíkurborgkjördæmi suður, en minnst 43,2% í Suðurborgkjördæmi. Var þátttaka karla meiri en kvenna í öllum kjördæmum sem er ólíkt því sem verið hefur í alþingiskosningum undanfarið.

Tafla 3. Kosningaþátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslu 20. október 2012*Table 3. Participation in referendum 20 October 2012*

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur- kjörd.	Suður- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- vikur- kjörd. suður	Reykja- vikur- kjörd. norður
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	115.890	9.998	13.216	14.487	32.138	23.156	22.895
Karlar <i>Males</i>	58.935	5.194	6.925	7.564	16.141	11.590	11.521
Konur <i>Females</i>	56.955	4.804	6.291	6.923	15.997	11.566	11.374
Kosningaþátttaka, %							
Participation of voters, %	48,9	46,7	45,6	43,2	51,4	51,4	50,6
Karlar <i>Males</i>	49,9	47,2	47,1	43,9	52,5	52,7	51,5
Konur <i>Females</i>	47,9	46,2	44,0	42,4	50,3	50,2	49,7
Utankjörfundaratkvæði, %¹							
Absentee votes, %¹	12,8	14,3	10,9	9,7	11,8	13,8	15,7
Sveitarfélög eftir kosningaþátttöku							
Municipalities by participation							
<40,0	6	–	1	5	–	–	–
40,0–44,9	13	8	3	2	–	–	–
45,0–49,9	27	7	10	8	2	–	–
50,0–54,9	18	7	4	4	1	1	1
55,0–59,9	6	1	3	1	1	–	–
60,0–64,9	3	2	–	–	1	–	–
65,0 ≥ %	1	1	–	–	–	–	–

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 7.

¹ Hlutfall af greiddum atkvæðum. Percent of votes cast.

Í einstökum sveitarfélögum var kosningaþátttakan mest í Árneshreppi, 72,1% en minnst í Langanesbyggð 34,7% (tafla 11). Var þátttakan á bilinu 40,0–54,9% í 58 af 75 sveitarfélögum.

Kosningaþátttaka meiri á höfuðborgarsvæði en landsbyggð

Kosningaþátttakan var meiri á höfuðborgarsvæði en landsbyggð eða 51,1% á móti 44,9%. Átti þetta við í heild og um karla og konur.

Tafla 4. Kosningaþátttaka á höfuðborgarsvæði og landsbyggð 2012*Table 4. Participation in capital region and other regions 2012*

	Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	Kjösendur á kjörskrá <i>Voters on the electoral roll</i>	Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>
Höfuðborgarsvæði <i>Capital region</i>	78.189	152.907	51,1
Karlar <i>Males</i>	39.252	75.125	52,2
Konur <i>Females</i>	38.937	77.782	50,1
Landsbyggð <i>Other regions</i>	37.701	83.943	44,9
Karlar <i>Males</i>	19.683	42.943	45,8
Konur <i>Females</i>	18.018	41.000	43,9

Skýringar Notes: Höfuðborgarsvæðið nær til Reykjavíkurborgarsvæðis suður, Reykjavíkurborgarsvæðis norður og Suðvesturkjördæmis. Landsbyggð nær yfir Norðvesturkjördæmi, Norðausturkjördæmi og Suðurborgarsvæði. *Capital region refers to the constituencies Reykjavik south, Reykjavik north and Southwest constituency. Other regions cover the constituencies Northwest, Northeast and South.*

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar

Kjósandi sem gerir ráð fyrir að vera fjarverandi á kjördag eða geta ekki sótt kjörfund af öðrum ástæðum hefur heimild til að greiða atkvæði utan kjörfundar, sbr. 56. gr. kosningalaga.

12,8% atkvæða utan kjörfundar

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012 voru 14.864 atkvæði greidd utan kjörfundar, eða 12,8% greiddra atkvæða. Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2011 var hlutfallið 15,4%. Fleiri karlar en konur greiddu atkvæði utan kjörfundar og er það samkvæmt venju, 13,5% á móti 12,1% kvenna. Hæst var hlutfallið í Reykjavíkurborgkjördæmi norður (15,7%), en lægst (9,7%) í Suðurborgkjördæmi.

Tafla 5. Utankjörfundaratkvæði eftir kjördæmum 2012

Table 5. Absentee votes by constituency 2012


	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Utankjörfundaratkvæði alls			
<i>Absentee votes, total</i>	14.864	7.947	6.917
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	1.428	777	651
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	1.442	819	623
Suðurborgkjördæmi <i>South</i>	1.409	804	605
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	3.784	1.992	1.792
Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavik south</i>	3.200	1.669	1.531
Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavik north</i>	3.601	1.886	1.715
Hlutfall af greiddum atkvæðum			
<i>Percent of votes cast</i>	12,8	13,5	12,1
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	14,3	15,0	13,6
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	10,9	11,8	9,9
Suðurborgkjördæmi <i>South</i>	9,7	10,6	8,7
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	11,8	12,3	11,2
Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavik south</i>	13,8	14,4	13,2
Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavik north</i>	15,7	16,4	15,1
Hlutfall af kjósendum á kjörskrá			
<i>Percent of voters on the electoral roll</i>	6,3	6,7	5,8
Norðvesturkjördæmi <i>Northwest</i>	6,7	7,1	6,3
Norðausturkjördæmi <i>Northeast</i>	5,0	5,6	4,4
Suðurborgkjördæmi <i>South</i>	4,2	4,7	3,7
Suðvesturkjördæmi <i>Southwest</i>	6,0	6,5	5,6
Reykjavíkurborgkjördæmi suður <i>Reykjavik south</i>	7,1	7,6	6,6
Reykjavíkurborgkjördæmi norður <i>Reykjavik north</i>	8,0	8,4	7,5

Kosningabátttaka í fyrri
þjóðaratkvæðagreiðslum
44–98%

Þjóðaratkvæðagreiðslan 20. október 2012 var sú þriðja frá stofnun lýðveldisins 1944. Bátttakan í þjóðaratkvæðagreiðslunni árið 2011 var 75,3% en 62,7% í atkvæðagreiðslunni árið 2010. Bátttaka í öðrum þjóðaratkvæðagreiðslum sem fram hafa farið var mjög breytileg eftir tilefni eða frá 44% í þjóðaratkvæðagreiðslu um dansk-íslensku sambandslögin árið 1918 til rúmlega 98% í tvíþættri atkvæðagreiðslu árið 1944 um niðurfellingu dansk-íslenska sambandslagasamningsins frá 1918 og stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Mynd 3. Kosningaþátttaka í þjóðaratkvæðagreiðslum 1908–2012

Mynd 3. Participation in referenda 1908–2012



Aðstoð við kosningu

Eins og getið var hér framfar voru gerðar breytingar á kosningalögum með lögum nr. 111/2012 um aðstoð við kosningu sem gildi tóku 18. október 2012 eða tveimur dögum fyrir kjördag. Fatlaðir kjósendur, sem löginn taka til, hafa nú með tilteknum skilyrðum sjálfir rétt til að ákveða hver aðstoði þá við atkvæðagreiðslu utan kjörfundar og á kjörfundi (sjá bls. 2).

Hagstofa kallar eftir upplýsingum um aðstoð við kosningu

Stjórnskipunar- og eftrilitsnefnd Alþingis gaf til kynna í nefndaráriti sínu með frumvarpi að áðurnefndum lögum nauðsyn þess að Hagstofa kallaði eftir upplýsingum frá kjörstjórnnum um fjölda þeirra sem nýta sér þessi ákvæði ásamt þeim sem nýta það ákvæði sem fyrir er í lögum, þ.e. um aðstoð kjörstjóra og kjörstjórnarmanns á kjörfundi. Í ljósi þess óskaði Hagstofa eftir svörum við eftirfarandi spurningum hjá yfirkjörstjórnnum kjördæma varðandi aðstoð við kosningu á kjördag og hjá sýslumönnum varðandi aðstoð við kosningu utan kjörfundar:

1. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við kosningu á kjörfundi/utan kjörfundar?
2. Hve margir kjósendur nutu aðstoðar fulltrúa sem viðkomandi hafði sjálfur valið (án vottorðs frá réttindagæslumanni)?
3. Hve margir kjósendur kusu með aðstoð fulltrúa sem viðkomandi hafði sjálfur valið og staðfest er með vottorði réttindagæslumanns?

336 kjósendur nutu aðstoðar við kosningu þar af 155 með fulltrúa að eigin vali

Upplýsingar bárust frá yfirkjörstjórnnum kjördæmanna sex og öllum sýslumanns-embættum (24). Í heild nutu 336 kjósendur aðstoðar við kosningu, 146 karlar og 190 konur. Af þessum hópi nutu 86 aðstoðar við kosningu utan kjörfundar en 250 á kjörfundi (tafla 12). Aðstoðin var ýmist veitt af hálfu kjörstjórnarmanns sem hefur verið heimilað um hríð eða fulltrúa að eigin vali sem var nýmæli. Alls naut 181 kjósandi aðstoðar kjörstjóra/kjörstjórnarmanns við kosningu (54%), 71 utan kjörfundar og 110 á kjörfundi en 155 aðstoðar fulltrúa að eigin vali (46%), 15 utan kjörfundar en 140 á kjörfundi. Engir kjósendur kusu með aðstoð fulltrúa að eigin vali og staðfestu vottorði réttindagæslumanns eins og nú er einnig heimilt við tiltekna aðstæður.

Niðurstöðurnar sýna að 56% þeirra kjósenda sem fengu aðstoð við kosningu á kjörfundi nutu aðstoðar fulltrúa að eigin vali. Sambærilegt hlutfall var 17% utan kjörfundar, en þess ber að geta að nýmælin tóku gildi aðeins tveimur dögum fyrir kjördag. Fleiri konur en karlar fengu aðstoð við kosningu bæði utan kjörfundar og á kjörfundi (tafla 12).

0,3% kjósenda fengu aðstoð við kosningu

Alls greiddu 115.890 manns atkvæði í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2012. Eins og áður getur nutu 336 kjósendur aðstoðar við kosningu eða sem svarar 0,3% kjósenda, var hlutfallið 0,6% hjá þeim sem greiddu atkvæði utan kjörfundar en 0,2% þeirra sem greiddu atkvæði á kjörfundi.

Tafla 6. Kjósendur sem nutu aðstoðar við kosningu 2012

Table 6. Voters receiving assistance with voting 2012

	Fjöldi <i>Number</i>			Hlutfall <i>Percent</i>		
	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>	Alls <i>Total</i>	Karlar <i>Males</i>	Konur <i>Females</i>
Alls <i>Total</i>	336	146	190	100,0	100,0	100,0
Kjósendur sem nutu aðstoðar kjörstjóra /kjörstjórnarmanns? <i>Voters receiving assistance of an election official</i>	181	76	105	53,9	52,1	55,3
Kjósendur sem nutu aðstoðar fulltrúa að eigin vali <i>Voters receiving assistance of a person of own choice</i>						
án vottorðs réttindagæslumanns <i>without a certific. of a rights protection officer</i>	155	70	85	46,1	47,9	44,7
staðfest með vottorði réttindagæslumanns <i>with a certificate of a rights protection officer</i>	–	–	–	–	–	–

Skýringar *Notes:* Sjá upplýsingar um aðstoð utan kjörfundar og á kjörfundi í töflu 12, bls. 21. *For information on assistance in pre-election voting and at voting station see table 12 p. 21.*

Niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012

Í 10. gr. laga nr. 91/2010 um framkvæmd þjóðaratkvæðagreiðslna segir svo:

Að lokinni talningu atkvæða sendir yfirkjörstjórn landskjörstjórn eftirrit af gerðabók sinni ásamt þeim kjörseðlum sem ágreiningur hefur verið um milli umboðsmanna og yfirkjörstjórnar. Þegar landskjörstjórn hefur fengið í hendur eftirrit gerðabóka allra yfirkjörstjórna og ágreiningsseðla auglýsir hún með hæfilegum fyrirvara hvar og hvenær hún kemur saman til að úrskurða um gildi ágreiningsseðlanna og lýsa úrslitum þjóðaratkvæðagreiðslunnar til að umboðsmönnum gefist færi á að vera viðstaddir. Að því loknu tilkynnir landskjörstjórn ráðuneytinu um niðurstöður sínar.

Landskjörstjórn lýsir niðurstöðum

Í samræmi við ofangreint ákvæði var niðurstöðum þjóðaratkvæðagreiðslunnar lýst á fundi landskjörstjórnar 29. október 2012 sbr. tilkynningu hennar. Þar kemur fram að engar kærur hafi borist um ólögsmæti atkvæðagreiðslunnar. Innanríkisráðuneytið birti auglýsingu um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar 30. október 2012.

179 ágreiningsatkvæði

Í tilkynningu landskjörstjórnar er birtur úrskurður um ágreiningsatkvæði sem bárust landskjörstjórn. Þar kemur fram að „meðal gagna, sem bárust 23. október 2012 frá yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður eftir þjóðaratkvæðagreiðsluna 20. október sl., voru 179 kjörseðlar sem yfirkjörstjórnin mat sem ógild atkvæði en um-

boðsmenn já- og nei-fylkinga töldu að meta ætti gild“. Landskjörstjórn komst að þeirri niðurstöðu að 173 þessara atkvæða skuli metin gild en 6 atkvæði skuli metin ógild.

Gild atkvæði 98,9%,
ógild atkvæði 1,1%

Að teknu tilliti til þessa úrskurðar og endanlegra skýrslna yfirkjörstjórna voru niðurstöður þjóðaratkvæðagreiðslunnar þær að greidd atkvæði voru 115.890 sem skiptust í 114.570 gild atkvæði eða 98,9% og 1.320 ógild atkvæði, 1,1%. Þar af voru auð atkvæði 661 eða 0,6% og önnur ógild 659, 0,5%.¹ Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 2011 var hlutfall auðra atkvæða 1,2% og annarra ógilda atkvæða 0,2%.

Skipting atkvæða eftir
kjördæmum 2012

Skipting greiddra atkvæða í gild og ógild atkvæði var hlutfallslega svipuð í öllum kjördæmum árið 2012. Gild atkvæði voru á bilinu 98,5% til 99,3% og ógild 0,7% til 1,5% (tafla 7).

Tafla 7. Kjósendur og greidd atkvæði eftir kjördæmum 2012

Table 7. Voters and votes cast by constituency 2012

	Alls <i>Total</i>	Norð- vestur- kjörd.	Norð- austur- kjörd.	Suður- kjörd.	Suð- vestur- kjörd.	Reykja- víkur- kjörd. suður	Reykja- víkur- kjörd. norður
Kjósendur á kjörskrá <i>Voters on the elect. role</i>	236.850	21.401	29.010	33.532	62.557	45.061	45.289
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	115.890	9.998	13.216	14.487	32.138	23.156	22.895
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	114.570	9.930	13.123	14.329	31.641	22.832	22.715
Ógild atkvæði							
<i>Blank and void ballots</i>	1.320	68	93	158	497	324	180
Auð atkvæði							
<i>Blank ballots</i>	661	–	69	116	280	88	108
Önnur ógild atkvæði							
<i>Void ballots</i>	659	68	24	42	217	236	72
Kosningaþátttaka, % <i>Participation, %</i>	48,9	46,7	45,6	43,2	51,4	51,4	50,6
Skipting atkvæða, % <i>Votes, %</i>							
Greidd atkvæði <i>Votes cast</i>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Gild atkvæði <i>Valid votes</i>	98,9	99,3	99,3	98,9	98,5	98,6	99,2
Ógild atkvæði							
<i>Blank and void ballots</i>	1,1	0,7	0,7	1,1	1,5	1,4	0,8
Auð atkvæði							
<i>Blank ballots</i>	0,6	–	0,5	0,8	0,9	0,4	0,5
Önnur ógild atkvæði							
<i>Void ballots</i>	0,5	0,7	0,2	0,3	0,6	1,0	0,3

Notes: For translation of constituencies see table 5 on page 7.

¹ Í tilkynningu landskjörstjórnar og auglýsingu innanríkisráðuneytisins um niðurstöður atkvæðagreiðslunnar, voru ógild atkvæði tilgreind 1.499 þ.a. auð atkvæði 661 og önnur ógild 838.

Um hvað var kosið í þjóðaratkvæðagreiðslunni?

Í þjóðaratkvæðagreiðslunni 20. október 2012 voru greidd atkvæði um tillögur stjórnlagaráðs að frumvarpi til stjórnarskipunarlaga (að nýrri stjórnarskrá) og tiltek-in álitafni þeim tengd. Í þingsályktunartillögu sem Alþingi samþykkti 24. maí 2012 þar að lútandi var kveðið á um þær sex spurningar sem bornar voru upp í atkvæðagreiðslunni.

Spurningarnar sex Spurningarnar og svarmöguleikar voru eftirfarandi:

1. Vilt þú að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá?
Já, ég vil að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.
Nei, ég vil ekki að tillögur stjórnlagaráðs verði lagðar til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá.
2. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeigu lýstar þjóðareign?
Já. Nei.
3. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um þjóðkirkju á Íslandi?
Já. Nei.
4. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði persónukjör í kosningum til Alþingis heimilað í meira mæli en nú er?
Já. Nei.
5. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að atkvæði kjósenda alls staðar að af landinu vegi jafnt?
Já. Nei.
6. Vilt þú að í nýrri stjórnarskrá verði ákvæði um að tiltekið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu?
Já. Nei.

Svarmöguleikar Eins og að ofan greinir voru gefnir tveir möguleikar á svári við hverri spurningu, já eða nei en jafnframt var þess getið á kjörseðli að kjósandi gæti sleppt því að svara einstökum spurningum.

Meirihluti gildra atkvæða ræður niðurstöðum „Til þess að spurning eða tillaga sem borin er upp í þjóðaratkvæðagreiðslu teljist samþykkt þarf hún að hafa hlotið meiri hluta gildra atkvæða í atkvæðagreiðslunni“ sbr. 11. gr. laga nr. 91/ 2010 og 4. gr. laga nr. 23/2011.

Úrslit mismunandi eftir spurningum en öllum svarað jákvætt með meirihluta gildra atkvæða Úrslit atkvæðagreiðslunnar voru mismunandi eftir spurningum en hverri og einni spurningu var svarað jákvætt með meirihluta gildra atkvæða á landinu í heild. Gild atkvæði voru alls 114.570 og liggur sá fjöldi atkvæða til grundvallar niðurstöðum fyrir hverja spurningu. Atkvæðin skiptust í já, nei, ósvarað eða ógilt svar.

Fyrstu spurningu um það hvort leggja eigi tillögur stjórnlagaráðs til grundvallar frumvarpi að nýrri stjórnarskrá svöruðu 73.509 kjósendur jákvætt sem svarar til 64,2% gildra atkvæða. Sú spurning sem flestir kjósendur svöruðu með jái var spurning tvö um það hvort náttúruauðlindir sem ekki eru í einkaeign eigi að vera í þjóðareign eða 84.760 (74%) en sú sem fæstir svöruðu með jái var spurning þrjú um það hvort ætti að vera ákvæði um þjóðkirkju í stjórnarskrá eða 58.455 (51%). Spurningu fjögur um persónukjör svöruðu 78.451 (68,5%) jákvætt, spurningu fimm um jafnt vægi atkvæða 66. 653 (58,2%) og spurningu sex um að tiltekið hlutfall kosningabærra manna geti krafist þess að mál fari í þjóðaratkvæðagreiðslu svöruðu

72.633 (63,4%) með jái. Hluttur atkvæða þar sem spurningum var ekki svarað eða svarið gert ógilt (sem var í tiltölulega fáum tilvikum) var minnstur við spurningu eitt eða 4,2% en var á bilinu 10,6 til 13,5% við spurningar tvö til sex.

Tafla 8. Úrslit þjóðaratkvæðagreiðslunnar 2012

Table 8. Outcome in the referendum 2012

	Gild atkvæði / Valid votes					
	Fjöldi / Number			Hlutfall / Percent		
	Já / Yes	Nei / No	Ósvarað/ ógilt svar ¹ No answer/ void ¹	Já / Yes	Nei / No	Ósvarað/ ógilt svar ¹ No answer/ void ¹
